



Yfirlit yfir styrki utanríkisráðuneytisins til mannúðaraðstoðar félagasamtaka 2021

Utanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til mannúðarverkefna félagasamtaka árlega og er opið fyrir umsóknir svo lengi sem fjárheimildir leyfa. Búið er að úthluta öllum fjármunum sem áætlaðir voru fyrir árið 2021 en alls hlutu þrjú verkefni stuðning.

Verkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar

Alls hlaut Hjálparstarf kirkjunnar 20 m.kr. styrk til mannúðaraðstoðar í kjölfar átaka í Tigray í Eþíópíu. Markmið aðgerðanna er að bjarga lífi fólks sem er í hættu eftir að vopnuð átök brutust út á svæðinu í nóvember 2020. Unnið er í samstarfi við Lúterska heimssambandið.

Hjálparstarf kirkjunnar var einnig styrkt um 10 m.kr. vegna ástandsins í Sýrlandi en átökin þar í landi hafa staðið yfir í rúm 10 ár og er þörfin fyrir mannúðaraðstoð gríðarleg. Veittur var styrkur í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar til verkefna Lúterska heimssambandsins sem falla að vernd og sálfélagslegum stuðningi við fólk á flóttu.

Verkefni á vegum Barnaheilla Save the Children á Íslandi

Barnaheill Save the Children á Íslandi hlutu styrk að upphæð 31 m.kr. til mannúðarverkefnis í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó sem felur í sér stuðning við barnavernd og barnvæn svæði í Suður-Kivu héraði. Verkefnið miðar að því að styðja við börn og fjölskyldur þeirra á svæðinu með því að veita þeim vernd fyrir ofbeldi, misnotkun, útskúfun og vanrækslu. Þetta er gert með því að styðja við barnvæn svæði þar sem veittur er sálfræðilegur stuðningur og rými skapað fyrir börn til þess að vera börn. Unnið er í samstarfi við Save the Children í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.